



Láναςjóður sveitarfélaga ohf.

Samandreginn árshlutareikningur 30. júní 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10-28

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Afkoma og efnahagur

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 553,6 milljónum króna samanborið við 248,3 milljónum króna á sama tíma árið 2021. Breyting á milli ára skýrist aðallega af aukinn verðbólgu á tímabilinu. Almennur rekstrarkostnaður jókst um 9% milli tímabila. Sú aukning er til komin að mestu vegna framkvæmda á sameiginlegu skrifstofuhúsnæði sjóðsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Meðal ársverk sjóðsins eru 3 líkt og fyrri ár. Hagnaður tímabilsins er færður á meðal eigin fjár.

Eigið fé sjóðsins nemur 20,2 milljörðum króna á móti 19,6 milljörðum króna í árslok 2021 og hefur hækkað um 2,8% á tímabilinu. Vegið eiginfjárlutfall Lánasjóðsins er 643% miðað við stöðu útlána þann 30.júní 2022 og var 630% í árslok 2021, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárútreikning. Á aðalfundi sjóðsins, 1. apríl 2022 var ákveðið að greiða ekki út arð vegna hagnaðar 2021 til að styrkja stöðu sjóðsins, viðhalda kaupmætti og tryggja vöxt eigin fjár.

Heildareignir sjóðsins í lok tímabilsins voru 173,0 milljarðar króna á móti 168,1 milljörðum króna í árslok 2021. Útlán og kröfur sjóðsins námu 165,1 milljörðum króna í lok tímabilsins samanborið við 159,9 milljarða í árslok 2021. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að útvega sveitarfélögum lánsfé á hagstæðum kjörum. Á tímabilinu hefur sjóðurinn veitt 4,6 milljarða í ný útlán samanborið við 19,1 milljarða á sama tímabili árið áður.

Lánasjóðurinn fjármagnar lánveitingar sínar með útgáfu skuldabréfa á innlendum markaði. Á tímabilinu hélt sjóðurinn 3 útboð í flokkum, LSS150434, LSS151155 og nýjum verðtrygðum flokki til 17 ára LSS390303 og var heildarsöluvirði þeirra útboða 3,9 milljarðar króna. Til samanburðar voru fyrir sama tímabil árið 2021 haldin 6 útboð og var heildarsöluvirði þeirra útboða 18,5 milljarðar króna. Heildar útgæfið nafnverð í skuldabréfaflokki LSS150434 er 103,9 milljarðar króna í lok tímabilsins, 26,7 milljarðar króna í flokki LSS151155 og 1,7 milljarðar króna í LSS390303.

Útlán til sveitarfélaga á tímabilinu voru undir væntingum sjóðsins og endurskoðaði Lánasjóðurinn útgáfuáætlun sína fyrir árið í maí 2022. Upphafleg útgáfuáætlun gerði ráð fyrir 13 - 16 milljörðum króna á fyrri hluta ársins 2022 og 9 - 12 milljörðum króna á seinni hluta ársins, samtals 22 - 28 milljarða króna. Endurskoðuð útgáfuáætlun fyrir árið 2022, gerir ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 14 - 18 milljarða króna.

Tvö græn lán hafa verið veitt til sveitarfélaga sem af er árinu 2022. Lánasjóðurinn hefur ekkert gefið út af grænum skuldabréfum á tímabilinu en sjóðurinn gaf út tvö græn skuldabréf á árinu 2021. LSB280829 GB, er óverðtryggt skuldabréf til 8 ára og LSS040440 GB, er verðtryggt skuldabréf til 18 ára. Lánasjóðurinn gaf út framvinduskýrslu grænna útlána í júní 2022 þar sem tekinn er saman umhverfislegur ávinningur þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur fjármagnað með grænum lánveitingum.

Hluthafar sjóðsins eru 64. Lánasjóðurinn er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%.

Nánari sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 27.

Áhættuþættir

Eiginfjárlutfall

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að veða á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri. Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóðum og óráðstöfuðu eigin fé. Lágmarks eigið fé samkvæmt 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Til viðbótar ber fjármálafyrirtækjum að nota viðeigandi eiginfjáruka til að bæta eiginfjárstöðu sína til viðbótar við lágmarks eigið fé og vera þannig betur í stakk búin til að takast á við áföll í rekstri eða sveiflur í hagkerfinu. Samkvæmt ákvörðun Seðlabankans þá ber Lánasjóðnum að binda til viðbótar við 8% lágmarks eiginfjárlutfall, 2,5% í verndunarauka af áhættugrunni. Eiginfjárrafa fyrir Lánasjóðinn þann 30. júní 2022 er því 10,50%.

Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjárútreikninga vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem þau taka hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem þau veita honum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69.gr. sömu laga. Við beitingu mildunar fá umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og var vegið eiginfjárlutfall Lánasjóðsins er 643% miðað við stöðu útlána þann 30.júní 2022 og var 630% í árslok 2021, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárútreikning. Án mildunar er vegið eiginfjárlutfall 56% og er óbreytt frá árslok 2021.

Nánari umfjöllun um eiginfjárlutfall sjóðsins má finna í skýringu 24.

Veð í tekjum

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem þau veita. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Þann 30. júní 2022 eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Útlánaáhætta

Þann 30. júní 2022 voru engar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum flokkaðar sem stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum. Útlán til sveitarfélaga eru skilgreind sem stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglugerð nr. 233/2017 ef heildarskuldbindingar gagnvart einu sveitarfélagi (og dótturfélögum sveitarfélagsins) að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Vegna ákvörðunar Lánasjóðsins að nýta sér viðkomandi mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum, fá umræddar áhættuskuldbindingar, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Án mildunar væru átta áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánasjóðnum í lok tímabilsins, sama og í árslok 2021.

Lausafjárstýring

Lausafjárstýring Lánasjóðsins leggur áherslu að fjárfesta í áhættulitlum fjárfestingum, líkt og ríkisskuldabréfum og -vixlum, peningamarkaðsinnlánnum og verðbréfasjóðum. Lausafjárhlutfall sjóðsins eru sterkt en samkvæmt reglum Seðlabankans nr. 266/2017 skal lágmarks lausafjárhlutfall vera 100% fyrir alla gjaldmiðla samtals. Lausafjárhlutfall sjóðsins er 873% í lok tímabilsins en var 1.520% í árslok 2021.

Nánari umfjöllun um áhættustýringu sjóðsins er að finna í skýringu 4.

Efnahagsþættir

Tímabilið hefur einkennst af mikilri verðbólgu og mældist ársverðbólgan 8,8% í júní. Vísitalan hækkaði svo um 1,17% í júlí samkvæmt tölum Hagstofunnar sem orsakar 9,9% ársverðbólgu í júlí.

Seðlabanki Íslands hefur gripið til aðgerða til að vega upp á móti aukinni verðbólgu og snúa ofan af þeim mildunaraðgerðum sem gerðar voru í kjölfar Covid-19 faraldursins. Í lok tímabilsins hafði Seðlabankinn hækkað stýrivexti um 2,75%, til að stemma stigu við lækkun raunvaxta og hækkandi verðbólgu. Seðlabankinn hefur einnig hert skilyrði til lántöku fasteignalána til að hægja á hraða verðhækkunar húsnæðis og innlendri eftirspurn. Þá hefur Seðlabankinn ákveðið að afnema lækkun sveiflujöfnunarauka fjármálfyrirtækja og mun hann verða 2% frá september 2022. Eiginfjárfkrafa á Lánasjóðinn mun þá hækka úr 10,5% í 12,5%.

Ávöxtunarkrafa lengri ríkisskuldabréfa hefur hækkað á markaði, sem skilar sér í hærri ávöxtunarkröfu á skuldabréfaflokkum Lánasjóðsins. Útlánavextir til sveitarfélaga munu þar af leiðandi verða hærri á nýjum lánum til sveitarfélaga. Útlán til sveitarfélaga á tímabilinu voru undir áætlun sjóðsins og hefur Lánasjóðurinn endurskoðað útgáfuáætlun sína fyrir árið 2022, líkt og nefnt var hér að ofan.

Nánari umfjöllun um efnahags þætti er að finna í skýringu 2.

Stjórnarhættir

Stjórn Lánasjóðsins hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti og fylgir nýjustu útgáfu af "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu upphaflega út árið 2015. Lánasjóðurinn fær viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum í ágúst 2022, sambærilegt og síðustu ár. Umsjónaraðili viðurkenningarferils er Stjórnvísir. Það er hlutverk stjórnar að gæta þess að sjóðurinn sé rekinn í samræmi við lög og reglur sem um hann gilda á hverjum tíma. Meginhlutverk sjóðsins er að útvega sveitarfélögum lánsfjármagn á sem hagstæðustu kjörum.

Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og hefur hver og einn þeirra tilgreindan varamann, sem kjörnir eru á aðalfundi sjóðsins. Kynjahlutfall í aðalstjórn uppfyllir ákvæði laga um kynjahlutfall í stjórnnum fyrirtækja. Allir stjórnarmenn eru óháðir starfsemi Lánasjóðsins.

Stjórn Lánasjóðsins ber ábyrgð á að til staðar sé virkt innra eftirlit til samræmis við lög og settar reglur. Lánasjóðurinn leggur áherslu á að verklag sé skjalfest, áhættur séu greindar og metnar, eftirlitsaðgerðir skilgreindar til að mæta viðkomandi áhættum og þannig draga úr áhrifum viðkomandi áhættuþátta. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins. Stjórn Lánasjóðsins skipar endurskoðunarnefnd. Nefndin hefur það hlutverk að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningskila, endurskoðun á ársreikningi, fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, innra eftirlits og innri endurskoðunar. Einnig skal endurskoðunarnefnd leggja mat á óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með störfum hans.

Áritun og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna fyrstu sex mánaða ársins 2022 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu, ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og ákvæði reqlna þar að lútandi.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur samandreginn árshlutareikningur sjóðsins glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu 30. júní 2022 og rekstrarafkomu sjóðsins vegna fyrstu sex mánaða ársins 2022.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sjóðsins fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. ágúst 2022

Kristinn Jónasson
stjórnarformaður

Arna Lára Jónsdóttir

Helga Benediktsdóttir

Elliði Vignisson

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit og skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Samanburðarfjárhæðir

Árshlutareikningur 30. júní 2021 var kannaður af öðrum endurskoðanda. Áritun er dagsett 25. ágúst 2021 og er án fyrirvara. Ársreikningur félagsins 31. desember 2021 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 11. mars 2022 og er án fyrirvara.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 22. ágúst 2022

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. júní 2022

		2022	2021
	Skýr.	1.1.-30.06.	1.1.-30.06.
Hreinar vaxtatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		9.674.151.178	5.245.207.631
Vaxtagjöld og verðbætur		(9.063.082.398)	(4.904.540.978)
Hreinar vaxtatekjur samtals	5	<u>611.068.780</u>	<u>340.666.653</u>
Aðrar rekstrartekjur og gjöld			
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	6	86.774.257	51.326.846
Hreinn gjaldeyrismunur	7	(16.524.405)	(23.282.192)
Niðurfærsla útlána skv. IFRS 9	15	<u>(1.088.205)</u>	<u>(3.655.210)</u>
Aðrar rekstrartekjur og gjöld samtals		<u>69.161.647</u>	<u>24.389.444</u>
Hreinar rekstrartekjur		680.230.427	365.056.097
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	8	51.282.418	48.200.120
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	9	30.137.699	29.106.012
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		7.606.000	6.384.000
Annar rekstrarkostnaður	10	<u>37.649.938</u>	<u>33.031.260</u>
Almennur rekstrarkostnaður samtals		<u>126.676.055</u>	<u>116.721.392</u>
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		<u><u>553.554.372</u></u>	<u><u>248.334.705</u></u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	11	0,11	0,05

Efnahagsreikningur 30. júní 2022

	Skýr.	30.6.2022	31.12.2021
Eignir			
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	12	6.818.454.236	7.209.667.563
Markaðsverðbréf og skuldabréf	13	163.598.747	167.253.850
Útlán og kröfur á lánastofnanir	14	841.552.598	787.557.127
Útlán og kröfur á viðskiptavini	15	164.948.263.419	159.876.285.383
Skammtímaútlán		151.044.738	0
Rekstrarfjármunir	17	70.986.392	38.260.026
Málsvarnarsjóður	16	15.000.000	7.500.000
Aðrar eignir		109.468	666.389
Eignir samtals		<u>173.009.009.598</u>	<u>168.087.190.338</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	19	150.837.688.705	146.577.152.546
Aðrar langtímalántökur	20	1.282.656.738	1.362.882.102
Skammtímalántökur	21	624.169.476	447.383.172
Lífeyrisskuldbinding	22	91.149.278	93.284.183
Aðrar skuldir	23	22.243.288	8.940.594
Skuldir samtals		<u>152.857.907.485</u>	<u>148.489.642.597</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Bundinn varasjóður		1.274.203.267	1.298.096.776
Annað eigið fé		13.876.898.846	13.299.450.965
Eigið fé samtals	24	<u>20.151.102.113</u>	<u>19.597.547.741</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>173.009.009.598</u>	<u>168.087.190.338</u>

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. júní 2022

	Hlutafé	*Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2022				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.298.096.776	13.299.450.965	19.597.547.741
Hagnaður tímabilsins			553.554.372	553.554.372
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		(23.893.509)	23.893.509	0
Eigið fé 30. júní	5.000.000.000	1.274.203.267	13.876.898.846	20.151.102.113
Breytingar á eigin fé 2021				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.270.657.232	12.791.145.381	19.061.802.613
Hagnaður tímabilsins			248.334.705	248.334.705
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		15.985.851	(15.985.851)	0
Eigið fé 30. júní	5.000.000.000	1.286.643.083	13.023.494.235	19.310.137.318
Hagnaður júlí - desember			287.301.295	287.301.295
Bakfærð áhrif af leigueign/-skuld			109.128	109.128
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		11.453.693	(11.453.693)	0
Eigið fé 31. desember	5.000.000.000	1.298.096.776	13.299.450.965	19.597.547.741

*Bundinn varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundinni óinnleystri gangvirðisbreytingu. Samkvæmt lögum um ársreikninga ber að binda eigið fé vegna óinnleystra gangvirðisbreytinga sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í skýringu 23.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2022

	Skýr.	1.1.-30.6.2022	1.1.-30.6.2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		553.554.372	248.334.705
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi			
Hreinar vaxtatekjur teknar út		(611.068.780)	(340.666.653)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir	15, 19	139.580.743	624.402.534
Afföll, lántökugjald og lántökupóknun skuldabréfa	15, 19	(176.644.208)	(505.676.111)
Lagt í virðisrýnnunarsjóð skv. IFRS 9	15	1.088.205	3.655.210
Afskriftir	17	934.396	597.814
		<u>(646.109.645)</u>	<u>(217.687.206)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Veitt útlán og kröfur til viðskiptavina		(4.539.000.000)	(19.132.985.202)
Innheimt útlán og kröfur til viðskiptavina		7.173.679.471	5.785.587.955
Verðbréfaútgáfa og önnur langtímalántaka		3.908.831.255	18.296.638.132
Afborganir verðbréfaútgáfu og annara langtímalána		(6.326.245.360)	(5.421.310.963)
Breytingar á ríkisskuldabréfum og ríkisvxlum		464.292.966	(772.895.303)
Breytingar á markaðsverðbréfum og skuldabréfum		0	(2.447.895.140)
Breytingar á veittum skammtímalánum		(151.021.875)	9.816.759
Breytingar á teknum skammtímalánum		176.111.733	78.421.481
Breytingar á lífeyrisskuldbindingu		(2.134.905)	(1.962.616)
Breytingar á öðrum eignum		556.921	(378.352)
Breytingar á öðrum skuldum		13.302.694	1.547.856
		<u>718.372.900</u>	<u>(3.605.415.393)</u>
Innheimtir vextir		1.882.029.112	1.759.877.215
Greiddir vextir		<u>(2.414.841.263)</u>	<u>(2.241.334.925)</u>
		185.560.749	(4.086.873.103)
Handbært fé frá (til) rekstrar		93.005.477	(4.056.225.604)
Fjárfestingarhreyfingar			
Lagt í málsvarnarsjóð	16	(7.500.000)	(7.500.000)
Eignfærðar framkvæmdir við skrifstofuhúsnæði	17	(33.660.762)	0
		<u>(41.160.762)</u>	<u>(7.500.000)</u>
Hækkun (Lækkun) á handbæru fé		51.844.715	(4.063.725.604)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		2.150.756	2.631.273
Handbært fé í ársbyrjun		787.557.127	4.348.679.876
Handbært fé í lok tímabils		<u>841.552.598</u>	<u>287.585.545</u>
Sundurliðun handbærs fjár			
Útlán og kröfur á lánastofnanir		841.552.598	287.585.545
		<u>841.552.598</u>	<u>287.585.545</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánaþyrntæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum og lögum um fjármálaþyrntæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirliti, Seðlabanka Íslands. Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta í NASDAQ Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti samandreginn árs hlutareikning sjóðsins þann 22. ágúst 2022.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samandreginn árs hlutareikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árs hlutareikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálaþyrntæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Samandreginn árs hlutareikningur inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa hann með hliðsjón af ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2021. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef sjóðsins www.lanasjodur.is, sem og á vef NASDAQ Iceland hf., www.nasdaqomxnordic.com.

Rekstrarhæfi

Stjórn Lánasjóðsins hefur lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins og hefur eðlilegar væntingar um að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Samandreginn árs hlutareikningur Lánasjóðsins er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Mat og ákvarðanir

Gerð árs hlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í árs hlutareikningum. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrif af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Efnahagsleg áhrif

Tímabilið hefur einkennst af mikill verðbólgu og mældist ársverðbólgan 8,8% í júní. Vísitalan hækkaði svo um 1,17% í júlí samkvæmt tölum Hagstofunnar sem veldur 9,9% ársverðbólgu í júlí. Vonast er til að verðbólgan taki að lækka á næsta ári en hún verður samt töluvert meiri en áður var spáð.

Seðlabanki Íslands hefur gripið til aðgerða til að vega upp á móti aukinni verðbólgu og snúa ofan af þeim mildunaraðgerðum sem gerðar voru í kjölfar Covid-19 faraldursins. Í lok tímabilsins hækkaði Seðlabankinn stýrivexti um 2,75% á fyrri helmingi ársins, til að stemma stigu við lækkun raunvaxta og hækkandi verðbólgu. Seðlabankinn hefur einnig lækkað hámark veðsetningarhlutfalls fasteignakaupa fyrstu kaupenda og hert reglur um hámark greiðslubyrðar fasteignalána til neytenda, til að hægja á hraða verðhækkunar húsnæðis og innlendri eftirspurn. Þá hefur Seðlabankinn ákveðið að afnema lækkun sveiflujöfnunarauka á fjármálaþyrntækja og mun hann verða 2% frá september 2022. Eiginfjárfkra á Lánasjóðinn mun þá hækka úr 10,5% í 12,5%.

Áhrif á sveitarfélögin

Samkvæmt samantekt Sambands íslenskra sveitarfélaga á niðurstöðum ársreikninga fyrir 64 af 69 sveitarfélögum má sjá að afkoma A - hluta sveitarfélaga fyrir árið 2021 er svipuð og árið 2020. Rekstrarafgangur var neikvæður um 8,8 milljarða króna samanborið við neikvæðan rekstrarafgang um 8,75 milljarða árið á undan, hallinn er 2,2% af tekjum 2021, en var 2,4% árið áður. Tekjur A- hlutans hækkuðu um 9,6% og gjöldin um 8,8%. Laun og launatengd gjöld hækka um 10%. Sveitarfélögin tóku ný langtímalán að fjárhæð 47,4 milljarðar á árinu 2021 og hafa heildarskuldir aukist um 10,2%. Því er nokkuð ljóst að aukin verðbólga muni ýta undir aukna skuldastöðu sveitarfélaga á árinu 2022.

Áhrif og aðgerðir Lánasjóðsins

Útlán til sveitarfélaga á tímabilinu urðu undir áætlunum sjóðsins og endurskoðaði Lánasjóðurinn útgáfuáætlun sína fyrir árið í maí 2022. Upphafleg útgáfuáætlun gerði ráð fyrir 13 - 16 milljörðum króna á fyrri hluta ársins 2022 og 9 - 12 milljörðum króna á seinni hluta ársins, samtals 22 - 28 milljarðar króna. Endurskoðuð útgáfuáætlun fyrir árið 2022, gerir ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 14 - 18 milljarðar króna.

Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjárútreikninga vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem það veitir honum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69.gr. sömu laga. Við beitingu mildunar fái umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og var vegið eiginfjárlutfall Lánasjóðsins 643% miðað við stöðu útlána þann 30. júní 2022 og var 630% í árslok 2021, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárútreikning. Án mildunar er vegið eiginfjárlutfall 56% og er óbreytt frá árslok 2021. Sjá nánar í skýringu 24.

Mat á væntu útlánatapi

Ekki er ástæða til breytinga á mati á væntu útlánatapi sökum efnahagslegra áhrifa. Sveitarfélögin hafa heimild til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Einnig er ljóst í samræmi við 71. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldprotaskipta. Þrátt fyrir óvissu í rekstri einstaka sveitarfélaga þá nægir það ekki til að uppfylla þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar tilfærslu á milli þrepa við mat á væntu útlánatapi. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla áfram undir þrep 1 og er niðurfærslan metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu.

3. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2021.

4. Áhættustýring

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Meginmarkmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjárahætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla undir þrep 1 við mat á niðurfærslu samkvæmt virðisrýrnunarlíkani vænts útlánataps IFRS 9.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsúmsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og ennfremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

Veð í tekjum

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánunum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem þau veita. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs í tekjum. Þann 30. júní 2022 eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Stórar áhættuskuldbindingar

Lánasjóðurinn heldur utan um stórar áhættuskuldbindingar fyrir og eftir að tekið er tillit til áhættumildandi þátta. Í lok tímabilsins voru 17 stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum, en 16 í árslok 2021, áður en tekið er tillit til áhættumildandi þátta skv. reglugerð nr. 233/2017. Eftir að tekið er tillit til hefðbundinna áhættumildandi þátta í lok tímabilsins eru átta stórar áhættuskuldbindingar, sama og í árslok 2021 hjá Lánasjóðnum. Vegna lögbundinnar sérstöðu nýtir Lánasjóðurinn sér mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum sveitarfélaga, sbr. 2. gr. reglugerðar 835/2012. Við beitingu mildunnar fái umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Að teknu tilliti til þeirrar áhættumildunnar þá eru engar stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum í árslok.

4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn lánar eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögunum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lendi í greiðslustöðvun eða leiti nauðasamninga. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans og ennfremur innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirliti Seðlabankans. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

4.1.2 Mótaðilaáhætta

Framkvæmdastjóri hefur eftirlit með mótaðilaáhöttu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á tímabilinu hefur ekki komið til þess að sjóðurinn beiti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhöttu sjóðsins.

	30.6.2022	31.12.2021
Staða mótaðilaáhöttu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:		
Útlán og kröfur á lánastofnanir	842	788
Útlán og kröfur á viðskiptavini	165.099	159.876
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	6.818	7.210
Markaðsverðbréf og skuldabréf	164	167
Samtals mótaðilaáhöttu	172.923	168.041

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er stórum hluta eigin fjár sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðslufæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar greiðslur.

Staða 30.6.2022 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Útlán og kröfur á lánastofnanir	772	-	-	-	-	772
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	-	3.000	3.213	701	-	6.914
Markaðsverðbréf og skuldabréf	-	165	-	-	-	165
Útlán og kröfur á viðskiptavini	161	3.174	15.232	58.981	117.005	194.553
Samtals fjáreignir	933	6.339	18.445	59.682	117.005	202.404
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	624	2.624	13.931	52.107	110.174	179.460
Samtals fjárskuldir	624	2.624	13.931	52.107	110.174	179.460
Nettó eignir - skuldir	309	3.715	4.514	7.575	6.831	22.944

Staða 31.12.2021 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Útlán og kröfur á lánastofnanir	788	-	-	-	-	788
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	800	3.510	2.285	673	-	7.268
Markaðsverðbréf og skuldabréf	170	-	-	-	-	170
Útlán og kröfur á viðskiptavini	168	3.056	14.274	57.118	114.283	188.899
Samtals fjáreignir	1.926	6.566	16.559	57.791	114.283	197.125
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	447	3.149	13.203	50.779	107.557	175.135
Samtals fjárskuldir	447	3.149	13.203	50.779	107.557	175.135
Nettó eignir - skuldir	1.479	3.417	3.356	7.012	6.726	21.990

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáættu er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum. Fjárhæðirnar eru flokkaðar út frá dagsetningu samningsbundinnar endurverðlagningar eða gjalddaga, hvort sem fyrr gerist.

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 30.6.2022 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	22.274	44.716	49.632	42.606	159.228
ISK óverðtryggt	10.466	-	1.678	-	12.144
Erlendar eignir	946	214	267	160	1.587
Samtals fjáreignir	33.686	44.930	51.577	42.766	172.959
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	13.929	43.711	49.123	42.283	149.046
ISK óverðtryggt	631	-	1.785	-	2.416
EUR	642	214	267	160	1.283
Samtals fjárskuldir	15.202	43.925	51.175	42.443	152.745
Nettó eignir - skuldir	18.485	1.005	402	323	20.214

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2021 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	21.726	43.149	45.569	43.831	154.275
ISK óverðtryggt	10.854	-	-	-	12.106
Erlendar eignir	1.014	-	-	-	1.695
Samtals fjáreignir	33.594	43.376	47.105	44.001	168.076
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	13.692	42.380	45.280	43.470	144.822
ISK óverðtryggt	446	-	-	-	2.203
EUR	681	-	-	-	1.363
Samtals fjárskuldir	14.819	42.607	47.321	43.641	148.388
Nettó eignir - skuldir	18.775	769	(216)	360	19.688

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta (framhald)

Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi 30. júní 2022, miðað við meðallíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum lækkar hreinar rekstrartekjur Lánasjóðsins um 119 milljónir króna á ársgrundvelli eða 0,59% af eigin fé til samanburðar við 107 milljónir í árslok 2021. Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við meðallíftímanálgun.

Vaxtanæmi í m.kr.	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	30.6.2022	31.12.2021
		Hagnaður eða tap	
ISK verðtryggt	100	(103)	(106)
ISK óverðtryggt	100	(15)	(1)
Erlendar myntir	100	(1)	0
Samtals		(119)	(107)

Verðbólguáhætta

